

Norðurþing
Katrín Sigurjónsdóttir
v/Ketilsbraut
640 Húsavík

Húsavík 20. nóvember 2023

Varðar hækkanir á gjaldskrá

Framsýn kallar hér með eftir upplýsingum frá Norðurþingi varðandi boðaðar/áætlaðar hækkanir á gjaldskrá sveitarfélagsins milli ára 2023-24.

Um þessar mundir vinnur Framsýn að því að móta kröfugerð félagsins vegna komandi kjaraviðræðna við Samtök atvinnulífsins, Samband ísl. sveitarfélaga og ríkið.

Vissulega hafa hækkanir sveitarfélaga á gjaldskrá og öðrum þjónustugjöldum áhrif á kröfugerðina þar sem almennir félagsmenn þurfa að hafa burði til að mæta slíkum hækkunum. Þess vegna ekki síst er afar mikilvægt að sveitarfélögin stilli sínum hækkunum í hóf.

Þess er óskað að erindi þessu verði svarað fyrir 25. nóvember 2023.

Virðingarfyllt

Fh. Framsýnar stéttarfélags



Aðalsteinn Árnir Baldursson

FRAMSÝN
STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA

Samrit:
Tjörneshreppur
Þingeyjarsveit